

Ed.

240. Framvarp

til laga um skemtanaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum skal heimilt að leggja skatt til bæjar-
eða sveitarsjóðs á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að, aðrar
en þær, sem einvörðungu eru söngskemtanir eða reglulegar leiksýningar, eða
málverka-, höggmynda- og dráttmyndasýningar. Með reglugerð, sem bæjar-

stjórn eða sveitarstjórn semur og dómsmálaráðherra staðfestir, má enn fremur undanþiggja skattinum skemtunir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða í vísindalegum eða fræðandi tilgangi, enda skeri dómsmálaráðherra úr, ef ágreiningur verður um þetta efni.

2. gr.

Skattur sá, er í 1. gr. getur, má vera mismunandi hár, eftir því hver skemtunin er, en aldrei má hann hærri vera en 20% af aðgöngueyri á skemtun hverja.

3. gr.

Í reglugerðum þeim, sem í 1. gr. segir, skal kveðið á um tilhögun skattsins, innheimtu og annað, sem þar að lýtur.

4. gr.

Brot gegn reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum, allt að 1000 krónum, og skal fara með mál, sem rísa út af þeim, sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1918.